

<b>Titill</b>	Kajakferðir
<b>Skammstöfun</b>	FJAL2KF02
<b>Námsgrein</b>	Fjallamennska
<b>Viðfangsefni</b>	kajak
<b>Prep</b>	2
<b>Einingafjöldi</b>	2

<b>Lýsing:</b>	Námið er vettvangsnám þar sem farið er í ferðir úti í náttúrunni þar sem tekist er á við raunaðstæður. Megináherslan er á kajakferðir. Farið er í grunnhugtök kajakferðamennsku og kajaktækni. Nemandi þjálfast í að undirbúa og takast á við krefjandi aðstæður á kajak með tilliti til öryggis, og meta aðstæður m.a. út frá veðurskilyrðum og umhverfi. Lögð er áhersla á að nemandi verði sjálfstæður og þjálfist í að taka skynsamlegar ákvarðanir varðandi öruggt leiðarval og öðlist yfirsýn og þekkingu á þeim búnaði sem þarf í kajakferðum. Nemandi fær innsýn í kajakbúnað og viðeigandi öryggisbúnað.
----------------	---

<b>Forkröfur:</b>	18 ára aldurstakmark
-------------------	----------------------

<b>Þekkingarviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• notkun sérhæfðs búnaðar til kajakferðamennsku</li> <li>• nauðsynlegum öryggis- og kajakbúnaði</li> <li>• eigin styrkleikum og takmörkunum</li> <li>• mismunandi umhverfi til kajakferða og breytilegum aðstæðum</li> <li>• kajaktækni</li> <li>• mismunandi kajakbúnaði</li> <li>• mikilvægi hópstjórnunar</li> <li>• hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði</li> <li>• skipulagi kajakferða</li> <li>• rötun og leiðarvali í kajakferðum</li> </ul>
------------------------	---

<b>Leikniviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• meta veðurútlit og umhverfi með tilliti til kajakferða</li> <li>• þekkja til mismunandi kajakbúnaðar og kajakferða í mismunandi aðstæðum</li> <li>• finna heppilegt samstarfsfólk og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða</li> <li>• rata og velja leiðir á kajak, meta áhættu og stýra þeirri hættu</li> </ul>
---------------------	---

<b>Hæfniviðmið</b>	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• ferðast af öryggi á kajak í mismunandi umhverfi</li> <li>• geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður</li> <li>• velja kajakbúnað við hæfi út frá getu og áætlaðri notkun</li> <li>• nota viðeigandi öryggisbúnað í kajakferðum</li> <li>• útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri kajakferðir</li> <li>• taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga</li> <li>• nýta sér það sem sjá má af veðurspám og útliti</li> </ul>
--------------------	--

	<ul style="list-style-type: none"><li>• miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi</li><li>• meta aðstæður á raunhæfan hátt</li><li>• leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum</li></ul>
--	--

<b>Námsmat</b>	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

<b>Leiðbeiningar</b>	Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðunum sjálfum og fyrir og eftir ferðir. Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðum stendur. Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti af námsmöppu.
----------------------	---